LÖG

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „2,85“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 3.
b. 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hugbúnaðariðnað, hótelgistingu, veitingarekstur og útleigu bifreiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1994 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá og með þeim tíma og álagningu tryggingagjalds á árinu 1995.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson. **Valgerður Sverrisdóttir.** (L. S.) **Hrafn Bragason.**

Friðrik Sophusson.

Nr. 75 19. maí 1994

LÖG

um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal hlutafélag sem tekur við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins.

2. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess þrátt fyrir ákvæði laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Fjármálaráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins og fer með eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu. Að öðru leyti skal leita heimildar Alþingis til sölu. Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýtt hlutafélag tekur til starfa 1. júlí 1994.

Eftirfarandi breytingar á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með áorðnum breytingum, taka gildi 1. júlí 1994:

a. Við 8. mgr. 3. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins" kemur: lyfjaframleiðslufyrirtækjum.
b. Við 36. gr. Í stað „Lyfjaverslun ríkisins" kemur: lyfjaheildsalar.
c. 38. gr. fellur niður.
d. 42.–46. gr. falla niður.
e. 52.–53. gr. falla niður.

Þann 1. júlí 1994 fellur úr gildi 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahald fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélags skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson. **Valgerður Sverrisdóttir.** **Hrafn Bragason.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.